

68. fundur í safna- og menningamálanefnd, þriðjudaginn 30. september 2008, kl. 17:15.

Mættir: Eyþór Benediktsson formaður, Dagbjört Höskuldsdóttir, Kristín Víðisdóttir, Erna Guðmundsdóttir og Ragnheiður Óladóttir. Fjarverandi Magnús A. Sigurðsson.

Formaður setur fund.

1. Ljósmyndasafn

Eyþór rifjar upp punkta frá síðasta fundi nefndarinnar í júní og les úr samþykkt bæjarráðs um þau verkefni varðandi ljósmyndasafn sem fram komu í fundargerð nefndarinnar. Á fundi bæjarráðs var vel tekið í punktana án þess að nokkur þeirra hafi komið til framkvæmda ennþá.

Varðandi geymslu myndanna hefur bæjarstjóri kannað eftir ábendingu Árna Páls Jóhannssonar geymslumál hjá Guðmundi Ingólfssyni ljósmyndara sem taldi jafnt hita- og rakastig skipta höfuðmáli við varðveislu mynda. Í athugun eru viðunandi valkostir.

Ragnheiður og Eyþór fóru í sumar og skoðuðu Ljósmyndasafn Akraness sem tengist bókasafninu og leist þeim vel á hvernig að vinnu við safnið er staðið þar. Starfsmenn safnsins á Akranesi er reiðubúnir að vera okkur innan handar ef á þarf að halda, með samvinnu og/eða ráðgjöf.

Dagbjört spyr hvort Eyþór og Ragnheiður séu byrjuð á fyrirhugaðri vinnu við safnið en svo er ekki. Eyþór vill að fastir vinnutímar verði nýttir til þessa. Dagbjört bendir á mikilvægi þess að fara í vinnuna þar sem mikilvægar upplýsingar geta glatast í tímans rás. Eyþór bendir einnig á það að vinna við Vatnasafnið hefur aukist stöðugt og að nauðsynlegt sé að merkja þá vinnu safninu sérstaklega þannig að sá tími verði ekki á kostnað ljósmyndasafns.

Nefndin beinir þeim eindregnum tilmælum til bæjarstjórnar að sem allra fyrst verði lokið við gerð aðgerðaráætlunar sbr. fundargerð bæjarráðs frá 12.06.08 þannig að nauðsynleg og eðlileg vinna geti hafist við safnið. Safna- og menningarmálanefnd lýsir sig reiðubúna að vinna að undirbúningi og framkvæmdum málsins með bæjarstjórn.

2. Skýrsla Ragnheiðar

Ragnheiður upplýsir að enn sé aukning útlána á bókasafninu. Miðað við fyrra ár var 10% aukning í júní, 46% aukning í júlí og 4,6% aukning í ágúst. Ragnheiður segir að töluverður fjöldi þeirra sem hér eiga orlofshús séu með árskort í safninu. Aðsókn að Vatnasafni er áframhaldandi um helgar yfir vetrartímann. Fólk hefur ógjarnan samband fyrirfram en vill fá lykil. Ragnheiður er ekki hrifin af því og vill að opið sé 3-4 tíma um helgar ef hægt er að koma því við.

Í samvinnu við Unni á bókasafni grunnskólans er unnið að því að auka heimsóknir grunnskólabarna á safnið en 5. bekkur er væntanlegur í heimsókn og til stendur að fá eldri bekki skólans einnig í heimsókn. Þar sem DVD-deild safnsins er aukning, hefur Ragnheiður hug á að sækja um styrk til lista- og menningarsjóðs til kaupa á diskum. Við útlán koma lítilsháttar tekjur en DVD myndir eru leigðar á 200 kr. í eina viku í senn. Mikil ánægja er með framboð á myndum á þessu formi.

Marc fór á námskeið í bókbandi í janúar og febrúar og nýtir þá kunnáttu vel safninu til gagns.

3. Önnur mál

Rætt var um málefni Byggðasafns Snæfellinga og þá stöðu sem þar er nú uppi.

Nefndin fagnar því að einhver skriður virðist vera að komast hugmyndir Haralds Sigurðssonar um eldfjallasafn hér í Stykkishólmi. Hugmynd um sýningu á komandi sumri má líta á sem fyrsta skref til framtíðar.

Nefndin stefnir á að hafa næsta fund þriðjudaginn 21. október.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50.

Undirritað:

Eyþór Benediktsson,
Dagbjört Höskuldsdóttir,
Kristín Víðisdóttir,
Ragnheiður Óladóttir,
Erna Guðmundsdóttir.